

32. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss –

24. mars kl. 8:15 í ráðhúsinu

Mættir: Eyrún Friða Árnadóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Hjördís Edda Olgeirsdóttir, Sigurjón Andrússon bæjarstjóri, Gunnar Ingi Valgeirsson forstöðumaður íþróttamannvirkja og Þórgunnur Torfadóttir sem var á teams og ritaði fundargerð .

Dagskrá

Samráð við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Forstöðumaður hefur bent á ýmis atriði varðandi val á staðsetningu nýs íþróttahúss og hefur óskað eftir því að farið verði yfir þau. Þar leggur hann sérstaka áherslu á mikilvægi þess að mannvirkid hafi einn inngang og anddyri sem verði hjarta byggingarinnar. Það telur hann ekki einungis stuðla að ódýrari rekstri heldur telur hann slíka hönnun stuðla að því að mannvirkid verði ekki aðeins vettvangur fyrir íþróttaiðkun heldur einnig lifandi hluti af samfélaginu. Í ljósi þessa hefur hann bent á nokkur atriði.

- a. Árlegur fjöldi gesta í sundlaug er um 60.000 gestir, þar af u.þ.b. 36.000 ferðamenn. Með sameiningu á inngangi íþróttahúss og sundlaugar munu allir notendur sundlaugar og íþróttahúss deila rými. Þá aukast líkur á því að aðilar, sem ekki vanalega eiga erindi í íþróttahúsið, komi þangað og nýti sér aðstöðuna. Þá er það mat forstöðumanns að þetta auki líkur á félagslegum tengslum ólíkra hópa í samfélaginu.
- b. Með því að byggja íþróttahús við fyrirbyggjandi byggingar skapast möguleiki á að samnýta aðstöðu, starfsfólk og búnað í rekstri íþróttamannvirkja. Fram kom að tveir starfsmenn eru á vakt í sundlauginni að vetri til en þrír að sumri til. Einn starfsmaður er ávallt á vakt í íþróttahúsinu ásamt hálfu stöðugildi í Mánagarði.

Með því að byggja við núverandi íþróttahús telur forstöðumaður að samnýting starfsfólks yrði betri og þannig mætti spara eitt og hálf stöðugildi á ársgrundvelli.

Einnig benti forstöðumaður á samnýtingarmöguleika með Grunnskóla Hornafjarðar

- c. Forstöðumaður telur það skyldu sína að benda á að reynslu sinnar vegna af rekstri og notkun íþróttamannvirkja, telji hann sig geta náð mun meiri rekstrarhagkvæmni, með viðbyggðu íþróttahúsi, frekar en stakstæðu.

Forstöðumaður telur þær kostnaðartölur sem hafa verið til umræðu séu ekki nægilega ítarlegar og gagnsæjar. Þá óskaði forstöðumaður eftir rökstuðningi á bak við þá ákvörðun að vinna að hönnun íþróttahúss við Víkurbraut. Fulltrúar D og K lista fóru yfir sinn rökstuðning og sköpuðust umræður um það. M.a. var rætt um núverandi skipulag, skuggavarp, aðstöðu fyrir knattspyrnu og fleiri þætti.

Fulltrúi B lista benti á forsendur sem hefðu breyst frá því að deiliskipulagið var unnið, líkt og þörf á gervigrasi og þá ákvörðun að sameina skuli Grunnskóla Hornafjarðar undir eitt þak.

Einnig kom fram að rýmisþörf íþróttadeilda hefði breyst á tímabilinu.

Að lokum kom forstöðumaður á framfæri beiðni sinni um aukið samráð við sig í ferlinu. Hann telur að reynsla sín og þekking í starfi geti nýst vel í hönnun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, samfélaginu öllu til hagsbóta

Forstöðumaður óskar eftir því að gerður sé formlegur samanburður á kostum og göllum við ólíkar staðsetningar íþróttahúss til þess að auka gagnsæi í ákvarðanatöku.